



Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Skagafjörður, 15. mars 2023  
nr. erindis 2303100 KJ

Á 39. fundi byggðarráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 14. mars 2023 var tekið fyrir neðangreint erindi.

### **Umsagnarbeiðni; Þingsályktunartillaga um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu 2023-2026**

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 9. mars 2023 frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis þar sem allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026, 795. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 23. mars 2023. Byggðarráð fagnar framkominni þingsályktun.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
f.h. byggðarráðs Skagafjarðar

  
Kristín Jónsdóttir  
skjalastjóri